

Gátlisti

vegna efnis og framsetningar rökstuðnings
fyrir ákvörðun sveitarfélags í máli um stuðnings- eða stoðþjónustu

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga (bæði grunnþjónustu og sértæka þjónustu við fatlað fólk) byggja á þeirri meginreglu að ákvarðanir um félagslegan stuðning við einstaklinga og fjölskyldna skuli teknar að undangengnu samráði við viðtakanda. Lögum samkvæmt skal samráðið útfært þannig að notandi og sveitarfélagið leggi sitt af mörkum til þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu, þ.e. ná samkomulagi um það hvernig sá stuðningur er veittur sem ákvörðun lýtur að. Markmið samráðs er að stuðla að valdeflingu notanda.

Þessi aðdragandi leiðir til þess að stjórnarsýslumál um stuðnings- eða stoðþjónustu hafa ákveðna sérstöðu í lagalegu tilliti. Sérstaðan lýsir sér fyrst og fremst í því að samtal á milli notanda og stjórnvalds er hluti af málsmeðferðinni. Sú staðreynd að samtal er hluti af málsmeðferðinni hefur einnig áhrif á efni og framsetningu þess rökstuðnings sem skylt er að láta í té fyrir ákvörðun.

Eftirfarandi gátlista er ætlað að auðvelda sveitarfélögum að tryggja að efni og framsetning rökstuðnings uppfylli kröfur stjórnarsýslulaga að teknu tilliti til sérstöðu þeirra ákvarðana sem hér um ræðir. Gátlistinn miðar við að meðferð máls sé á höndum ráðgjafa, en faghópur getur einnig verið sá aðili sem fram kemur af hálfu sveitarfélags.

✓ Hafa ráðgjafi og notandi náð samkomulagi um það hvernig stuðningur er veittur?

Fyrirkomulag stuðnings er útfært í samvinnu notanda og ráðgjafa. Ná þeir ekki samkomulagi byggir niðurstaðan á faglegu mat á fyrirkomulag stuðnings með hliðsjón af mati á stuðningsþörf umsækjanda og óskum hans.

Ef samkomulag næst um fyrirkomulag stuðnings þarf ekki rökstuðning fyrir þeirri niðurstöðu, sbr. [21. gr. stjórnarsýslulaga](#). Þetta er þó háð því að enginn vafi leiki á því að notandi og ráðgjafi hafi komist að sameiginlegri niðurstöðu.

✓ Ef ekki, getur niðurstöðu samtals verið vísað í áfrýjunarfarveg?

Ef notandi og ráðgjafi komast ekki að samkomulagi um fyrirkomulagi stuðnings getur notandi vísað málinu í áfrýjunarfarveg (þ.e. til endurupptöku skv. [24. gr. stjórnarsýslulaga](#)). Í þeim tilvikum skal rökstuðningur fylgir máli til áfrýjunarnefndar. Sé niðurstaða áfrýjunar að halda samtali áfram þarf einnig að koma fram í niðurstöðu áfrýjunar frá hvaða stigi í málsmeðferð halda skal samtali áfram.

✓ Er málið skráð rétt?

Mál þarf að vera fært í málaskrá. Æskilegt er að skrifleg niðurstaða beri með sér málsnúmer þannig að einfalt sé að veita aðgang að öllum gögnum máls ef kallað er eftir slíku m.a. við áfrýjun / málskot innan sveitarfélags (endurupptöku) eða með stjórnarsýslukæru til úrskurðarnefndar velferðarmála.

✓ Hafa ákvarðanir verið teknar í málsmeðferðinni?

Í skriflegri niðurstöðu þarf að koma fram ef ákvarðanir voru teknar sem eru liður í málsmeðferðinni en sem ekki leiða samtalið til lykta. Hér er um svonefndar málsmeðferðarákvarðanir að ræða. Dæmi um slíkt er ef tekin er ákvörðun um að meðhöndla umsókn um stuðnings- eða stoðþjónustu sem

umsókn um NPA-samning. Greina þarf frá þessum ákvörðunum í niðurstöðu en þær þarf ekki að rökstyðja sérstaklega.

✓ Breyttist grundvöllur máls við meðferð þess?

Í skriflegri niðurstöðu þarf að koma fram ef grundvöllur máls hefur breyst við meðferð þess, t.d. ef niðurstaða mats á stuðningsþörfum leiðir í ljós að bæta þarf við þá þjónustu sem þegar er veitt.

✓ Er vísað til viðeigandi réttarreglna?

Samkvæmt [22. gr. stjórnslulaga](#) skal í rökstuðningi vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á. Þegar um stuðnings- eða stoðþjónustu er að ræða koma réttarreglurnar fram í reglum settum af sveitarstjórn um þá þjónustu (sjá dæmi um reglurnar hér). Taka þarf fram á hvaða lagagrundvelli reglurnar eru settar.

✓ Skiptir máli ef niðurstaðan er um blöndu af stuðnings- og stoðþjónustu?

Kröfur um rökstuðning eru þær sömu hvort sem sú ákvörðun sem um ræðir er tekin á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (stuðningsþjónusta) eða laga um þjónustu við fatlað fólk með viðvarandi stuðningsþarfir (stoðþjónusta). Hafi sveitarfélag sett sér sameiginlegar reglur um stuðnings- og stoðþjónustu þarf ekki að vísa sérstaklega til þess hvaða vægi þjónustupættir hafa.

✓ Er niðurstöðu beint til notanda? Kom einhver fram fyrir hönd notanda í málinu?

Almennt gildir að niðurstöðu í máli er beint til notanda. Hafi einhver komið fram fyrir hönd notanda í málinu (t.d. persónulegur talsmaður eða réttindagæslumaður fatlaðs fólks) þarf umboð viðkomandi aðila að koma fram í niðurstöðu.

✓ Er hætt á að notandi skilji ekki niðurstöðuna?

Greina þarf frá því ef líkur eru á að notandi skilji ekki niðurstöðuna, m.a. út frá því hvort einhver hafi komið fram fyrir hönd hans við meðferð málsins.

✓ Eru veittar leiðbeiningar um málskot?

Hér er mjög áriðandi að hafa hugfast hvort viðkomandi sveitarfélag / þjónustusvæði býður upp á þann möguleika að skjóta máli til áfrýjunarnefndar innan sveitarfélags áður en hægt er að kæra ákvörðun til Úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. m.a. [6. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga](#). Ef þessi möguleiki er fyrir hendi skv. reglum sveitarfélags (ákvæði í samþykkt um stjórnslu þess) þarf að veita leiðbeiningar um málskot.

✓ Eru veittar leiðbeiningar um kærueimild?

Þegar tekin er rökstudd ákvörðun skal ætíð veita leiðbeiningar um að kæra megi niðurstöðuna til úrskurðarnefndar velferðarmála.

✓ Eru veittar leiðbeiningar um hvert beina skuli kæru og að kærugjöld eru ekki innheimt?

Stjórnslukæra skal berast úrskurðarnefnd velferðarmála skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun nema á annan veg sé mælt í lögum sem hin kærða ákvörðun byggist á. Kæra telst nógu snemma fram komin ef erindi sem hefur hana að geyma hefur borist nefndinni eða verið sannanlega sent áður en fresturinn er liðinn. Engin kærugjöld eru innheimt vegna málsmeðferðar hjá Úrskurðarnefnd velferðarmála.

Rökstuðningur í máli þar sem persónulegur talsmaður kom fram fyrir hönd notanda

Notandi

b.t. NN, persónulegs talsmanns

Heimilisfang

Staður og dagsetning

Málsnúmer

Efni: Niðurstaða varðandi umsókn um stoðþjónustu

Umsókn þín um stoðþjónustu hefur verið til meðferðar frá [dags.] Mat á stuðningsþörf hefur farið fram og á grundvelli þess telur sveitarfélagið að umsókninni sé nægjanlega mætt með eftirfarandi þjónustu:

- [Tilgreining á þjónustupáttum]

Á fundi / Í samtali þann [dags.] kom fram að ekki liggi fyrir samkomulag ráðgjafa/faghóps og notanda um að ofangreind þjónusta mæti stuðningsþörfum notanda skv. fyrirbyggjandi umsókn.

Rökstuðningur og nánari útskýringar

Af þeirri ástæðu er hér látinn í té eftirfarandi rökstuðningur:

[Lýsing á félagslegum aðstæðum notanda, þ. á m. möguleikum hans til þess að fá stuðning frá öðrum þjónustuaðilum en sveitarfélagi]

[Tilvísun til viðeigandi greina í reglum sveitarfélagsins og þeirra lagaákvæða sem liggja til grundvallar við setningu þeirra reglna. Dæmi: Þjónusta þessi er veitt á grundvelli x. kafla í reglum um stuðningsþjónustu í [sveitarfélagi]. Þessar reglur eru settar af sveitarstjórn á grundvelli 26. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

[Gerð grein fyrir því álitni sveitarfélagsins að boðin þjónusta mæti stuðningsþörfum]

NN kom fram fyrir þína hönd við meðferð umsóknar (sem persónulegur talsmaður skv. reglugerð nr. 972/2012) og er viðtakandi þessarar niðurstöðu. Þú átt rétt á öllum nánari útskýringum á því hvaða þýðingu þessi niðurstaða hefur fyrir þig. Samkvæmt ofangreindu mun boðin þjónusta hefjast [dags.] / þjónustan verða með óbreyttu fyrirkomulagi frá því sem verið hefur.

Leiðbeiningar um endurskoðun á vettvangi sveitarfélags

Samkvæmt xx. gr. í samþykkt um stjórn [sveitarfélags] má skjóta þessari niðurstöðu til áfrýjunarnefndar sem fer yfir málið að nýju sbr. [24. gr. stjórnsýslulaga](#). Öll skráð gögn (ásamt þessu bréfi) fylgja máli til áfrýjunarnefndar sem einnig óskar eftir greinargerð notanda. Miðað er við að niðurstaða áfrýjunarnefndar liggi fyrir innan [tveggja vikna] frá því að greinargerð notanda hefur borist.

Þess er farið á leit að tilkynning þín um málskot hafi borist ráðgjafa eigi síðar en ... Á meðan mál er til meðferðar verður ofangreind þjónusta veitt notanda, nema sérstaklega komi fram af hans hálfu að hann telji ekki forsendur til þess að taka við þjónustunni.

Leiðbeiningar um kærueimild

Ofangreindri niðurstöðu (sem og niðurstöðu áfrýjunarnefndar sé máli skotið til þeirrar nefndar) má vísa til úrskurðarnefndar velferðarmála með stjórnsýslukæru. Stjórnsýslukæra þarf að berast úrskurðarnefnd velferðarmála skriflega innan þriggja mánaða. Kæra telst nógu snemma fram komin ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist nefndinni eða verið póstlagt áður en fresturinn er liðinn. Engin kærugjöld eru innheimt vegna málsmeðferðar hjá úrskurðarnefnd velferðarmála.